

Ed.

767. Nefndarálit

um frv. til laga um sjerstakt læknishjarað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og hefir ekki getað fundið annað en að það sje bygt á brýnni nauðsyn og fylstu sanngirni.

Það er mjög augljóst, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, sem þingið getur ekki gengið fram hjá lengur, þegar alls þessa er gætt:

1. að leiðin frá Ísafirði til Bolungavíkur er erfið, ófær mörgum sinnum og ekki hættulaus;
2. að læknisferðirnar eru afardýrar, dýrari en nokkrar aðrar læknisferðir á landinu, í hlutfalli við vegalengd (ferðin 90—120 kr. að meðaltali, er fer hækkandi);
3. að þessar erfiðu, hættulegu, dýru og á stundum ófæru ferðir eru svo tíðar og margar á ári á einn og sama stað, að þess finnast engin slík dæmi á landinu, sem leiðir af því,
4. að þetta er að mestu þjettbyggt fiskiver og allstór verslunarstaður, með 900 íbúum, auk fjölda manna úr öðrum sveitum og sýslum, sem eru þar við sjóróðra mikinn hluta ársins, og
5. af því þetta er fjölment og þjettskipað fiskiver, þá má gera ráð fyrir, að farsóttir leggist þar þyngra á en í strjálbygðari hjeruðum, auk þess sem meiðsli eru tíð á slíkum stöðum, svo sem á hendur manna, og auk þess stærri slys, t. d. við lendingar í brimi og einkum við setning bifbáta, sem þar eru daglegar.

Það má líka taka það til greina, að Hólshreppur skuli nú hafa fengið sjerstakan lækni upp á sinn eiginn kostnað (3600 kr. laun), og sýnir það ljóslega, að hjer er um mikla nauðsyn að ræða.

Þess skal að lokum getið, að nefndin telur sjálfsagt, að aðstoðarlæknisembættið á Ísafirði verði lagt niður þegar núverandi aðstoðarlæknir sleppir því.

Nefndin ræður því hinni háttv. efri deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 10. sept. 1919.

Guðjón Guðlaugsson,
form. og ritari.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskrifari.

Magnús Torfason.